

Föstudaginn 8. október 1993.

Nr. 394/1993. **Ólafur Kristinn Sigurðsson**

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. september 1993, sem barst réttinum 27. sama mánaðar. Hann krefst þess, að „hinn kærði úrskurður Héraðsdóms Suðurlands, sem upp var kveðinn 10. sept. 1993, í málinu nr. G-53/1993, þess efnis, að bú kæranda skuli tekið til gjaldþrotaskipta, verði úr gildi felldur og jafnframt ákvörðun Héraðsdóms Suðurlands frá 11. sept. 1993, þess efnis, að Brynjólfur Eyvindsson skuli vera skiptastjóri bús kæranda“. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu sýslumannsins í Reykjavík var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 18. mars 1993 að honum viðstöddum. Sóknaraðili byggir mótmæli sín við hinum kærða úrskurði í fyrsta lagi á því, að þegar honum var birt fyrirkall vegna kröfu varnaraðila hinn 27. júlí, hafi verið liðnir meira en þrír mánuðir frá hinni árangurslausu fjárnámsgerð, en það sé brot á meginreglu 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila var móttækin í Héraðsdómi Suðurlands 21. maí 1993, sem er frestdagur, og eru mótmæli þessi því haldlaus. Í öðru lagi lúta mótmæli sóknaraðila að því, að við birtingu fyrirkalls fyrir honum hafi ekki verið gætt réttra aðferða, þar sem lögbókandi á Selfossi og í Árnessýslu hafi utan staðarlegs umboðs síns annast birtinguna fyrir honum í Reykjavík. Sóknaraðili sótti sjálfur þing á tilsettum stað og tíma 17. ágúst, og eru mótmæli þessi því einnig haldlaus, sbr. 4. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka-

mála, sbr. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 21/1991. Þriðju mótmæli sóknaraðila lúta að því, að gögn um skuldir hans við varnaraðila hafi verið óskýr og illlæsileg. Engin ástæða er til að ætla, að sóknaraðila hafi verið ókunnugt um skuldir sínar við varnaraðila, og er því ekki ástæða til að sinna þessum andmælum. Í fjórða lagi heldur sóknaraðili því fram, að sér hafi verið veittur frestur 7. september 1993, sem ekki hafi verið staðið við af varnaraðila hálfu. Við fyrirtekt málsins 17. ágúst var því frestað til 7. september með heimild í 70. gr. laga nr. 21/1991, og nýtti sóknaraðili sér þann frest. Engar heimildir eru fyrir því, að málinu hafi enn átt að fresta hinn 7. september 1993.

Ákvörðun héraðsdómara um skipun skiptastjóra sætir ekki kæru til Hæstaréttar, sbr. 7. mgr. 75. gr. laga nr. 21/1991.

Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Ólafur Kristinn Sigurðsson, greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 10. september 1993.

Í máli þessu hefur Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík, krafist þess, að bú Ólafs Kristins Sigurðssonar, kt. 240443-6519, Friðheimum, Biskupstungum, verði tekið til gjaldþrotaskipta. Krafa Gjaldheimtunnar er dagsett 17. maí 1993, en móttekin 21. maí 1993. Krafan, sem samtals er að fjárhæð 2.157.381 kr., er sundurliðuð á dskj. 1 þannig:

„Höfuðstóll staðgr.	kr.	1.977
Dráttarvextir af staðgr.	—	1.275
Kostnaður af staðgr.	—	29
Höfuðstóll opinb. gjalda	—	1.536.595
Dráttarvextir af op. gjöldum	—	603.750
Kostnaður af op. gjöldum	—	8.755
Samtals	kr.	2.152.381“

Til stuðnings kröfu sinni vísar gerðarbeiðandi til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., jafnframt því sem bent er á, að 18. mars 1993, dskj. 3, hafi verið gert árangurslaust fjárnám hjá gerðarþola. Krafa gerðarbeiðanda var tæk til efnismeðferðar.

Við fyrstu fyrirtöku á dómþingi 17. ágúst sl. kvaðst gerðarþoli vilja benda á, að krafa gerðarbeiðanda grundvallaðist á áætlunum vegna opinberra gjalda, og kvaðst hann búast við, að kröfurnar yrðu lækkaðar. Af hálfu gerðarbeiðanda var hins vegar bent á, að þótt um áætluð gjöld væri að ræða, væri krafan að lögum jafngild, og á meðan hún væri ógreidd, yrði ekki hvikað frá fram kominni kröfu um gjaldþrotaskipti á búi gerðarþola. Er aftur var þingað í málinu 7. september sl., upplýsti gerðarþoli, að skuldastaða sín við gerðarbeiðanda væri óbreytt frá því, sem var 17. ágúst sl., og að auki hefðu bæst við dráttarvextir. Af hálfu gerðarbeiðanda var ítrekuð sú krafa, að bú gerðarþola yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Krafa gerðarbeiðanda var tekin til úrskurðar í dómþingi 7. september sl.

Samkvæmt greiðslustöðuyfirliti, dagsettu 17. maí 1993, eru ógreidd opinber gjöld gerðarþola innan sem utan staðgreiðslu fyrir gjaldárin 1986 til og með 1992 að fjárhæð samtals 2.152.381 kr. Krafan er, eins og að framan greinir, ógreidd, en gjaldkræf, og 18. mars sl. var að kröfu Búnaðarbanka Íslands gert árangurslaust fjárnám hjá gerðarþola. Kröfur gerðarbeiðanda eru móttæknar, áður en þrír mánuðir voru liðnir, frá því að hin árangurslausu aðfarargerð fór fram. Fjárhagur gerðarþola hefur, frá því að hin árangurslausu aðfarargerð fór fram, á engan hátt batnað, og gerðarþoli hefur upplýst, að hann eigi engar eignir. Samkvæmt því og með vísan til 1. og 4. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti þykir mega taka kröfur gerðarbeiðanda til greina. Bú Ólafs Kristins Sigurðssonar, kt. 240443-6519, til heimilis að Friðheimum, Biskupstungum, verður því tekið til gjaldþrotaskipta.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú Ólafs Kristins Sigurðssonar, kt. 240443-6519, er tekið til gjaldþrotaskipta.